



314. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hélt fund mánudaginn 15. desember 2014 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru:

Hafdís Bjarnadóttir forseti bæjarstjórnar, HB
Hrafnhildur Hallvarðsdóttir varamaður, HH
Katrín Gísladóttir, KG
Lárus Á. Hannesson, LÁH
Ragnar Már Ragnarsson, RMR
Davíð Sveinsson varamaður, DS
Sturla Böðvarsson, bæjarstjóri SB
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar, Hafdís Bjarnadóttir, setti fund og stýrði.

Dagskrá:

1. Fundagerðir bæjarráðs.

- 1.1. **Fundagerð bæjarráðs nr. 520, dags. 11. desember 2014.**
Fundagerð framlögð.

Liður 1 fundagerð skipulags- og byggingarnefnd - 179,
dags. 1. desember 2014

Fundagerð framlögð.

- 1.1. **1411036 - Vinnsla á þörungum í Stykkishólmi**

Kynning á fyrirhugaðri vinnslu á þörungum úr Breiðafirði.

Sturla Böðvarsson fór yfir stöðu máls og svarði spurningum.

Auka fundarmenn víkja af fundi.

Skipulags- og byggingarnefnd þakkar góða kynningu.

Samþykkt að bæjarstjóri komi á viðræðum við Náttúrustofu Vesturlands til að kortleggja undirbúning vegna fyrirhugaðri starfssemi.

Til máls tóku: LÁH, DS og SB

- 1.2. **1411026 - Skúlagata 14 - pallur**

Bogi Bragason, kt. 010266-3199 sækir um byggingarleyfi fyrir stækkun á núverandi sólpall og skjólvegg samkvæmt skissu. Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið og felur



skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

1.3. 1403003 - Austurgata 7 - umsókn um byggingarleyfi og breytingu á starfsemi.

Lagður er fyrir uppdráttur að útsvæði við Austurgötu 7. Skipulags- og byggingarnefnd frestar erindi og óskar eftir að skipulags- og byggingarfulltrúi ræði við eigendur að Austurgötu 7.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Undirritaðir vilja koma því skýrt að bílastæði fyrir framan gömlu bygginguna á sjúkrahúsinu verði nýtt fyrir fyrirhuguða starfsemi hjúkrunarheimilis og finna verður aðrar lausnir varðandi bílastæði fyrir hótelið Austurgötu 7.

Lárus Ástmar Hannesson
Ragnar Már Ragnarsson
Davíð Sveinsson

Bæjarstjóri gerði grein fyrir því að hann hafi komið á framfæri athugasemdum vegna skipulags bílastæða á lóðinni við framkvæmdaaðila. Nú þegar liggur fyrir ný tillaga að skipulagi á lóðinni.

Til máls tóku: LÁH, KG, DS, RMR og SB

1.4. 1411042 - Nestún 6 - Breyting utanhúss

Gunnar Gunnarsson, kt.100756-3909 sækir um byggingarleyfi fyrir breytingu utanhúss. Tveimur gluggum er bætt við, samkvæmt uppdrætti frá Onyx ehf.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

1.5. 1411043 - Fákaborg 2 - Félagsaðstaða

Nadine Walter, kt.291276-2299 sækir um fyrir hönd hesteigandafélags Stykkishólms um byggingarleyfi fyrir breytingu á félagsaðstöðu við Fákaborg, samkvæmt uppdráttum frá Onyx ehf. Samþykki meðeiganda í húsinu fylgir með.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið og felur



skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi að uppfylltum skilyrðum sbr. gr.2.4.4. í byggingarreglugerð 112/2012 með síðar breytingum.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

1.6. 1411044 - Nesvegur 3-5 - breytingar á húsnæði

Magnús Alexandersdóttir, kt.240345-3319 sækir um byggingarleyfi fyrir hönd Fasteignafélags Nesvegur ehf vegna breytinga á húsnæðinu við Nesveg 3-5 samkvæmt uppdrætti frá Onyx ehf.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi að uppfylltum skilyrðum sbr. gr.2.4.4. í byggingarreglugerð 112/2012 með síðar breytingum. Með fyrirvara um jákvæða umsögn heilbrigðiseftirlits.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: LÁH, DS, SB, KG, RMR og HB

1.7. 1411038 - Ljósleiðari - Tenging

Jóhannes Eyberg Ragnarsson, kt.150662-5409 sækir um framkvæmdaleyfi fyrir að leggja ljósleiðarstreng í landi Stykkishólmsbæjar. Tenging frá Helgafellssveit að Hamraendum og verður strengurinn lagður í jörðu með núverandi háspennustreng. Undirritað samþykki eiganda Ögurs liggur fyrir. Umsagnir hafa borist frá OR, Rarik og Mílu.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfi að uppfylltum skilyrðum sbr. gr.11 í reglugerð um framkvæmdaleyfi 772/2012.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

1.8. 1310011 - Reitarvegur - Deiliskipulag

Framlagt.

Undirritaður telja rétt og skilvirkast að þeim aðilum sem starfað hafa við verkefnið verði gefinn kostur að vinna áfram að verkinu og klára það sem eftir er.

Lárus Ástmar Hannesson
Ragnar Már Raagnarsson



Til máls tóku:LÁH og SB

1.9. 1411041 - Deiliskipulag, miðbær Stykkishólms

Tillaga að breytingu á núverandi miðbæjar deiliskipulagi. Skipulags- og byggingarnefnd leggur til að byggingarmagn verði fært inn á núverandi lóð við Hafnargötu 7 og byggingin sem gæti komið þarna verði á stærð við Clausens hús og Æðarsetrið. Bílastæðum verði komið fyrir á lóðinni. Einnig er lagt til að framtíðar stoppistöð fyrir rútur verði staðsett í deiliskipulagi og leggur nefndin til að stoppistöðin verði á svæðinu fyrir framan væntanlegt safnahús eða fyrir framan Aðalgötu 4a.

Skipulags- og byggingarnefnd leggur til að núverandi húsnaði undir bókasafn sem er skrifað við Hafnargötu 7 verði framvegis Frúarstígur 7.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt, jafnframt samþykkir að Hafnargata 7 verði framvegis Frúarstígur 7.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt. Byggingafulltrúa falið að láta vinna deiliskipulag af miðbæ Stykkishólms.

Til máls tóku:RMR,LÁH og SB

1.10. 1411037 - Bréf Þórnýjar Öldu Baldursdóttur varðandi sölu á hluta lóðarinnar Aðalgötu 7a, Stykkishólmi. ódags.2014

Erindi vísað til nefndar frá fundi bæjaráðs nr.519 varðandi heimild til að byggja á lóðum, óskað er eftir umsögn. Skipulags- og byggingarnefnd tekur ekki afstöðu að svo komnu máli þar sem drög að deiliskipulagi liggja ekki fyrir.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt. Ragnar vék af fundi. Bæjarstjóra falið að ljúka við kaup á lóðahlutum við Aðalgötu 7 og í tengslum við hús við Skúlagötu og vegna breytinga á Víkurgötu. Samkvæmt áðurgerðu samkomulagi.

Til máls tóku: SB,HB,DS,KG og LÁH

Ragnar kom aftur á fundinn.

1.11. 1411039 - Skólastígur 11 - Lóðablað ofl.

Lóðarblað fyrir Skólastíg 11 er lagt fram til samþykktar. Ekki er til eldra lóðarblað eða lóðaleigusamningur fyrir þessa lóð. Í nýju lóðarblaði verða lóðirnar Skólastígur 11 og 11a sameinaðar. Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir lóðarblaðið og sameiningu á fasteignum á lóðinni.



Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: LÁH, KG, RMR og SB

1.12. 1411040 - Aðalgata 3 og Austurgata 2 - ný lóðarblöð

Ný lóðarblöð eru lögð fram fyrir Aðalgötu 3 og Austurgötu 2. Skipulags- og byggingarnefnd frestar erindinu og óskar eftir skriflegri umsögn lóðarhafa og að erindið verði grenndarkynnt fyrir eigendum aðliggjandi lóða, Aðalgötu 3a og 5.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tók: LÁH

Fundargerð samþykkt.

Liður 4 fundargerð skólanefndar (136.fundur)haldinn 20.11.2014

Fundargerð framlögð.

1. Erindi frá Leikskólastjóra Sigrúnu Þórsteinsdóttir lagt fyrir.

a. Beiðni úthlutunar fjórða starfsdags.

Samþykkt samhljóða.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

b. Annað erindi frá Leikskólastjóra. Lokun leikskóla föstudaginn 2.

janúar 2015. Skólastjóri leikskóla fer fram á að hafa leikskólann lokaðan þennan föstudag og starfsfólk tæki daginn út sem sumarleyfisdag.

Samþykkt samhljóða.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: KG og HH

Fundargerð samþykkt.

Liður 15 bréf varðandi styrkbeiðni frá Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna vegna eldvarnaáttaksins 2014 dags.

01.12.2014

Bæjarráðs sér sér ekki fært að verða við styrkbeiðni.



Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 16 bréf varðandi stuðning við Snorraverkefnið sumarið 2015 dags.17.11.2014

Bæjarráðs sér sér ekki fært að verða við styrkbeiðni. Samþykkt að vísa erindinu umsagnar til skólanefndar vegna næsta árs.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 17 tillaga um endurmat eigna vegna breyttrar nýtingar húsa í Stykkishólmi dags.05.12.2014

Tillaga um endurmat eigna vegna breyttrar nýtingar húsa í Stykkishólmi.

Borist hafa upplýsingar um að embætti sýslumanns hafi veitt leyfi til þess að stunda atvinnustarfsemi í húsum sem eru skráð sem íbúðarhús. Umrædd leyfi hvað varðar gistingu eða veitingastarfsemi eru veitt á grundvelli reglugerðar nr.585/2007 .

Álagning fasteignagjalda er byggð á fasteignamati og flokkun miðað við notkun húsa svo sem tilgreint er í lögum nr. 4/1995 um fasteignagjöld. Til þess að gæta jafnræðis er nauðsynlegt að tryggja að eignir séu rétt flokkaðar í mati eftir notkun þeirra. Samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar eru álagningarstuðlar fasteignagjalda svo sem hér segi: Flokkur A íbúðarhús er 0.5%, flokkur B sem eru opinberar byggingar er 1.32% og flokkur C sem er atvinnuhúsnæði er 1.65%. Húsnæði sem nýtt er til ferðaþjónustu er flokkað í C-flokk.

Að teknu tilliti til þess sem að framan greinir er lagt til að byggingarfulltrúa verði falið að afla upplýsinga um útgefin rekstrarleyfi hjá embætti Sýslumanns Snæfellinga og koma þeim til Þjóðskrár svo tryggt verði að húsnæði í bænum hljóti rétta flokkun og þar með verði álagning fasteignagjalda á grundvelli traustra upplýsinga um notkun viðkomandi húsa.

Stykkishólmi 5.desember 2014
Sturla Böðvarsson
Bæjarstjóri Stykkishólmsbæjar

Tillaga samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku:RMR,LÁH,SB,DS og HB

Liður 18 listi yfir styrki til félagasamtaka vegna fasteignagjalda

Listi yfir styrki til félagasamtaka vegna fasteignagjalda.

2014 Fasteign Fasteignagjöld

Kvenfélagið Hringurinn (211-5709) Aðalgötu 24a	kr. 212.965
Lionsklúbbur Stykkishólms (211-5668) Aðalgötu 4a	kr.148.778
Stykkishólmskirkja (211-5801) Borgarbraut 15	kr. 138.472
Golfklúbburinn Mostri (225-2104) Aðalgötu 29	kr.232.794
Hvítasunnukirkja (211-6221) Skúlagötu 6	kr. 85.000



Hesteigendafélagið Fákaborg 2 kr. 2.516
Björgunarsveitin Berserkir (226-1018) Nesvegur 1a kr.210.767

Samþykkt að bæjarritari afgreiði styrki til félagasamtaka vegna fasteignagjalda fyrir árið 2015 og bæjarráð upplýst með sambærilegum lista.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tók:LÁH

Liður 24 endurnýjun á bíl fyrir starfsmenn bæjarins vegna fundافرða.

Bæjarstjóra veitt heimild til að leita að bíl.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt. Samþykkt að vísa bílakaupum til fjárfestingaráætlunar fyrir 2015.

Til máls tóku:LÁH,SB,DS og HB

Fundargerð samþykkt.

2. Fundargerðir nefnda.

2.1 Fundargerð - Skipulags- og bygginganefndar nr. 179 dags. 02.12.14.

Fundargerð framlögð og samþykkt fyrir á fundinum.

2.2 Fundargerð Æskulýðs-og Íþróttanefndar nr.50 dags. 02.12.2014.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

2.3 Fundargerð Umhverfisnefndar nr.42 dags. 20.11.2014.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

2.4 Fundargerð skólanefndar nr.136 dags.20.11.2014.

Fundargerð framlögð og samþykkt fyrir á fundinum.

2.5 Fundargerð Ungmennaráðs nr.4 dags.26.11.2014.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

Til máls tóku:LÁH og HB

3. Annað

3.1 Skýrsla „Auðlind til sóknar“ svæðisskipulag Snæfellsness 2014-2026.

Desember 2014 – Afgreiðsla svæðisskipulagstillögu

Bókun bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar

Auglýsing svæðisskipulagstillögu fyrir Snæfellsnes 2014-2026, skv. 24. gr. skipulagslagslaga, ásamt umhverfisskýrslu, skv. 1. mgr. 7. gr. laga um umhverfismat áætlna, er nú lokið. Engar formlegar athugasemdir bárust við auglýsingu tillögunnar, en nokkrar ábendingar.

Fyrir liggur fundargerð svæðisskipulagsnefndar frá 15. fundi nefndarinnar sem haldinn var þann 14. nóvember 2014. Þar afgreiddi nefndin, ásamt



framkvæmdastjórn Svæðisgarðsins Snæfellsness, ábendingar þær sem bárust á auglýsingatíma tillögunnar. Einnig var tekin ákvörðun um lagfæringar á svæðisskipulagstillögunni m.t.t. þessara ábendinga og endanleg tillaga samþykkt. Vinnuferlinu er nánar lýst í skipulagstillögunni sjálfri.

Með bréfi dags. 29. nóvember 2014 sendi svæðisskipulagsnefnd sveitarfélaganna á Snæfellsnesi svæðisskipulagstillöguna, ásamt umhverfisskýrslu, til afgreiðslu sveitarstjórna á Snæfellsnesi, skv. 2. mgr. 25. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Svæðisskipulagstillöguna, ásamt umhverfisskýrslu, má nálgast á vefnum <http://snaefellsnes.is/svaedhisskipulag> og hlaða þaðan niður á pdf-formi.

Svæðisskipulagstillaga fyrir Snæfellsnes, ásamt umhverfisskýrslu, er í samræmi við þetta lögð fyrir bæjarstjórn Stykkishólms til afgreiðslu, sbr. 2. mgr. 25. gr. skipulagslaga.

Bæjarstjórn Stykkishólms samþykkir endanlega tillögu svæðisskipulagsnefndar sveitarfélaganna á Snæfellsnesi að ~~§~~Svæðisskipulagi Snæfellsness 2014-2026ð fyrir sitt leyti.

Bæjarstjórn samþykkir jafnframt meðfylgjandi umhverfisskýrslu :
§Svæðisskipulag Snæfellsness 2014-2026 Umhverfisskýrslað, sem unnin er í samræmi við 2. mgr. 6. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.
Bæjarstjórn samþykkir að tillagan verði í framhaldinu send Skipulagsstofnun til endanlegrar staðfestingar og birtingar í B-deild Stjórnartíðinda.

3.2 Samþykkt um gatnagerðargjöld Stykkishólmsbæjar.

Samþykktir um gatnagerðargjöld hjá Stykkishólmsbæ samþykktar.

Til máls tóku:LÁH,HB,DS og SB

3.3 Gjaldskrár, útsvar og fasteignagjöld fyrir 2015 hjá Stykkishólmsbæ.

Útsvar

Tillaga um að útsvar lækki úr 14,52% í 14,37% til að vega upp á móti hækkun á fasteignaskatti á íbúðarhúsnæði.

Tillaga samþykkt.

Til máls tóku:allir

Fasteignaskattar, lóðarleiga, holræsagjald og sorphirðugjöld

	Árið 2015	Árið 2014	Árið 2013
Fasteignaskattur A-flokkur	0,50%	0,43%	0,43%
Fasteignaskattur B-flokkur	1,32%	1,32%	1,32%
Fasteignaskattur C-flokkur	1,65%	1,65%	1,65%
Lóðaleiga íbúðarhúsnæðis	1,40%	1,37%	1,44%
Lóðarleiga atvinnuhúsnæðis	2,50%	2,50%	2,50%
Lóðarleiga ræktunarlund	6,00%	6,00%	6,00%



Holræsagjald íbúðarhúsnæði	0,20%	0,19%	0,20%
Holræsagjald atvinnuhúsnæði	0,26%	0,26%	0,26%

Sorphirðu - og/eða sorpeyðingargjöld pr. íbúð 43.635 kr. 42.200 kr. 42.200 kr.

Tillaga um fasteignagjöld 2015 samþykkt.

Afsláttur vegna fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði
Elli- og örorkulífeyrisþegar fá lækkun á fasteignaskatti miðað við tekjur á skattframtali. Afslátturinn fer eftir tekjufjárhæð. Afslátturinn gildir vegna eigin húsnæði sem viðkomandi býr í.

Einstaklingar

Tillaga 2015 Árið 2014 Árið 2013

Afsl. Launabil kr. Launabil kr. Launabil kr.

100% 2.571.398 0 2.508.681 0 2.412.193

75% 2.571.399 2.825.428 2.508.682 2.756.515 2.412.194 2.650.495

50% 2.825.429 3.101.387 2.756.516 3.025.843 2.650.496 2.909.464

25% 3.101.387 3.363.294 3.025.844 3.281.262 2.909.465 3.155.060

0% 3.363.295 og hærra 3.281.263 og hærra 3.155.061 og hærra

Hjón/sambúðarfólk

Tillaga 2015 Árið 2014 Árið 2013

Afsl. Launabil kr. Launabil kr. Launabil kr.

100% 4.344.419 0 4.238.457 0 4.075.439

75% 4.344.420 4.602.337 4.238.458 4.490.084 4.075.440 4.317.388

50% 4.602.338 4.875.805 4.490.085 4.756.883 4.317.389 4.573.926

25% 4.875.806 5.125.948 4.756.884 5.000.924 4.573.927 4.808.581

0% 5.125.949 og hærra 5.000.925 og hærra 4.808.582 og hærra

Hámarksafsláttur 70.628 68.905 66.255

Tillaga um afsláttur vegna fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði samþykkt.

Samþykkt aðrar gjaldskrár hækka um 3,4% frá 1.1. 2015.

3.4 Fjárhagsáætlun 2015 og þriggja ára, seinni umræða.

Fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2015 og þriggja ára fjárhagsáætlun fyrir árin 2016-2018 samþykkt samhljóða.

Fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2015 og þriggja ára fjárhagsáætlun fyrir árin 2016-2018 var unnin eftir samráð innan bæjarráðs og eftir fundi ráðsins með forstöðumönnum stofnana bæjarins. Þær tillögur sem unnið var með eru byggðar á úttekt ráðgjafa **SSV og R3 ráðgjöf** sem voru fengnir til þess að gera úttekt á rekstri bæjarins og leggja upp tillögur um fjárhagslega og rekstrarlega endurskipulagningu til samræmis við þær athugasemdir sem Eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga gerði með bréfi 28.ágúst s.l. Eftir samráð við forstöðumenn stofnana voru tillögur þeirra hafðar til hliðsjónar við gerð fjárhagsáætlunar.



Með nýjum sveitarstjórnarlögum sem tóku gildi 1.1.2012 er búið að setja sveitarfélögum viðmið um afkomu og fjárhagsstöðu. Má þar helst nefna kröfu um jákvæða samanlagða rekstrarniðurstöðu á þriggja ára tímabili og að heildar skuldir og skuldbindingar A og B hluta sveitarsjóðs verði ekki hærri en 150% af reglulegum tekjum. Stykkishólmsbær þarf eins og önnur sveitarfélög að taka tillit til þessa í áætlunum sínum fyrir árið 2015. Gert er ráð fyrir að skuldaprósenta sveitarfélagsins verði um 138,2% í árslok 2014 og lækki niður í 131,6% á árinu 2015. Samkvæmt áætlun 2015 og þriggja ára áætlun 2016-2018 mun Stykkishólmsbær halda jákvæðri rekstrarniðurstöðu á þriggja ára tímabili.

Eftir að Eftirlitsnefndinni hafði verið kynntar ákvarðanir bæjarstjórnir um fjárhaglega og rekstrarlega endurskipulagningu barst bréf frá nefndinni 27.október þar sem segir m.a.:

ŠEFS hefur yfirfarið upplýsingar sveitarfélagsins og er það niðurstaða nefndarinnar að óska ekki eftir frekari upplýsingum vegna fyrirspurnar þessarar. Jafnframt telur nefndin það góða og ábyrga afstöðu bæjarstjórnar að leita eftir áhæðri ráðgjöf vegna mögulegrar hagræðingar í rekstri sveitarfélagsins.ö

Nauðsynlegt er að fylgjast gaumgæfilega með framvindu kostnaðar í samanburði við áætlun til að bregðast við hið fyrsta ef merki sýna aðra þróun í kostnaði en upphaflega var lagt upp með. Eins er mjög mikilvægt að allir aðilar standi saman og vinni sameiginlega að því að tryggja sem best þjónustu við íbúana í bænum í ljósi þeirra takmarkana sem fjárhagsstaðan setur bæjarstjórn.

Frá því núverandi meirihluti tók við í júnímánuði hefur ýtrasta aðhalds verið gætt í rekstri Stykkishólmsbæjar. Bæjarstjórn þakkar forstöðumönnum stofnana og skólastjórnendum fyrir þeirra hlutdeild við að gæta aðhalds í rekstri og þar með gera það mögulegt að tryggja þjónustu við íbúa Stykkishólms.

Til að standa undir kostnaði við rekstur sveitarfélagsins hefur m.a. þurft að styrkja tekjustofna þess með hækkun á gjaldskrár að einhverju leyti. Gjaldskrár hækka að jafnaði um 3,4%. Álagningarprósentur fasteignagjalda breytast í fyrsta lagi hækkar fasteignaskattur á íbúðahúsnæði úr 0,43% í 0,50%, í öðru lagi hækkar álagningarprósenta lóðaleigu íbúðarhúsnæðis úr 1,37% í 1,40% og álagningarprósenta holræsagjald á íbúðahúsnæði hækkar úr 0,19% í 0,20%. Til að koma til móts við eigendur fasteigna sem greiða útsvar hefur verið ákveðið að útsvarshlutfall árið 2015 lækki úr 14,52% í 14,37%.

Helstu framkvæmdir og fjárfestingar eru: Undirbúningur á byggingu nýs húss við Borgarbraut fyrir Grunnskóla, Tónlistarskóla og Amtbóksafn, bygging útiklefa við sundlaug, hönnun fráveitu og framkvæmdir við Maðkavík, gatnagerð við Hjallatanga og Víkurgötu, stígagerð meðfram þjóðvegi að Hamraendum, ljúka framkvæmum fyrsta áfanga stígagerðar í Súgandisey, bætt aðgengi við grunnskóla og íþróttahús og sundlaug endurbætur á bílastæði og aðgengi við Dvalarheimili og hlutafjárframlag vegna byggingar leiguíbúða og keyptur bíl til fundarferða starfsmanna að upphæð 5 milljóna króna. Samtals fjárfest fyrir 78,350 milljónir króna.

Bæjarstjórn þakkar bæjarstjóra og bæjarritara fyrir góða vinnu við gerð fjárhagsáætlunar.

Helstu niðurstöðutölur fjárhagsáætlunar Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2015 eru þessar:

A-hluti:

Skatttekjur bæjarsjóðs eru áætlaðar 802,5 m.kr., aðrar tekjur 157,2 m.kr. Tekjur samtals eru því 959,7 m.kr. Rekstur málaflokka er áætlaður um 872,8 m.kr.



Fjármagnsliðir eru 54,4 m.kr. Mismunur tekna og gjalda A-sjóðs sveitarfélagsins er því afgangur um 32,5 m.kr. Handbært fé frá rekstri eru 109,5 m.kr., afborganir langtímalána 111,0 m.kr. og handbært fé í árslok er áætlað 55,5 m.kr.

A og B hluti:

Tekjur eru áætlaðar 1.030,1 m.kr. en rekstrargjöld 913,9 m.kr. Fjármagnsliðir eru 79,4 m.kr. Tekjur umfram gjöld verða því um 36,8 m.kr. Handbært fé frá rekstri eru 138,2 m.kr., fjárfestingar 78,350 m.kr., afborganir langtímalána 143,8 m.kr., lántaka verður 100,0 m.kr. og handbært fé í árslok er áætlað 57,5 m.kr.

Hafdís Bjarnadóttir
Katrín Gísladóttir
Hrafnhildur Hallvarðsdóttir
Sturla Böðvarsson

Vegna fjárhagsáætlunar

Borist hafa bréf frá Eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga frá því árið 2010 og hefur markvisst verið unnið að því að bæta fjárhag sveitarfélagsins. Við fögnum því að samkvæmt áætlun er gert ráð fyrir fjárfestingargetu uppá 80 milljónir árið 2015. Við fögnum einnig áframhaldandi batnandi hag bæjarsjóðs en afar jákvætt er að skuldahlutfallið fari niður fyrir 140% árið 2014 en var yfir 180% árið 2010. Einnig er jákvætt að reiknað er með jákvæðri samanlagðri niðurstöðu á þriggja ára tímabili en sá jöfnuður var neikvæður um 300 milljónir í upphafi síðasta kjörtímabils. Við munum áfram sem hingað til vinna af ábyrgð að rekstri bæjarfélagsins.

Lárus Ástmar Hannesson
Ragnar Már Ragnarsson
Davíð Sveinsson

Til máls tóku:SB,LÁH,RMR,HB,KG og DS

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:37

Þór Örn Jónsson